

SAMÞYKKTIR FYRIR HLUTAFÉLAGIÐ BAKKAVÖR GROUP HF.

Nafn, heimili, tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og heitir Bakkavör Group hf. Heimili þess og varnarþing er að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að eiga og reka fyrirtæki sem hafa með höndum framleiðslu, sölu og dreifingu á matvælum og annan skyldan atvinnurekstur. Ennfremur rekstur fasteigna og allt annað sem eðlilegt er að félagið hafi með höndum.

Hlutfé

3. gr.

Hlutfé félagsins er kr. [2.157.888.219]. Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða að hlutfé félagsins verði gefið út í sterlingspundum í stað íslenskra króna, telji stjórnin slíkt fýsilegt, sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. samþykta félagsins og varða breytinguna.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 750.000.000 króna að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 28. október 2009 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. *(Þessi mgr.samþykkt 28.10.04)*

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að 2.000.000.000 króna að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með nýja hluti. Þessi nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 23. mars 2012, en fellur þá niður að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. *(Þessi mgr.samþykkt 23.03.07)*

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að kr. 1.775.253 sem nýtt skal til sölu til starfsmanna.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 40.000.000 króna að nafnvirði með sölu nýrra hluta til starfsmanna félagsins eða aðila sem tengjast félaginu. Útboðsgengi

hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi starfsmenn eða tengda aðila. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þó getur stjórn heimilað hluthöfum hverju sinni að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, að hluta til eða öllu leyti. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 28. október 2009 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. *(Þessi mgr.samþykkt 28.10.04)*

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að 85.000.000 króna að nafnvirði, með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 9. maí 2007 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. *(Þessi mgr.samþykkt 9.05.06)*

Hver hlutur er að fjárhæð 1 króna að nafnvirði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers hluthafa í félaginu og gildir það sama við aukningu hlutafjár.

Hlutabréf skulu öll skráð á nafn. Allir hlutirnir eru jafn réttáir, og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

4. gr.

Hluthafafundur einn getur heimilað hækkun hlutafjár í félaginu. Gildir það bæði um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og útgáfu nýrra hluta. Hluthafar eiga forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

5. gr.

Ákveði hluthafafundur hækkun hlutafjár með nýjum hlutum skulu hluthafar hafa tveggja vikna frest til að neyta forgangsréttar til áskriftar að nýjum hlutum. Um framkvæmd áskriftar og áskriftarfrest fer eftir þeim reglum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar.

6. gr.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlaun á hlutum sínum.

7. gr.

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal afhenda honum hlutabréf, sem stjórn félagsins gefur út og veitir það honum full réttindi þau sem lög og samþykktir félagsins mæla fyrir um.

8. gr.

Hlutabréf félagsins skulu gefin út af stjórn félagsins og skulu allir stjórnarmenn setja nöfn sín undir þau. Nöfn má rita með vélrænum hætti. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutafé hvers hluthafa í félaginu. Hluthafar geta fengið hlutafé sínu skipt í aðrar einingar ef þeir óska.

Hlutabréf skulu tölusett í réttri númeraröð og hljóða á nafn. Halda skal halda skrá yfir hlutabréfin. Allir hluthafar skulu eiga aðgang að hlutaskrá og rétt til að kynna sér efni hennar. Hlutaskráin skal greina eftirfarandi:

- a) Útgáfudag hlutabréfsins.
- b) Nafnverð og númer hlutabréfsins.
- c) Til handa hverjum hlutabréfið var gefið út, svo og síðari aðilaskipti. Nafn, heimilisfang og kennitölu hluthafa. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
- d) Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda bréfsins, svo sem ef bréfið er ógilt.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa.

9. gr.

Hlutaskrá telst gagnvart félaginu fullgild heimild um eignarrétt að hlutum í félaginu, nema annað sé sannað. Skal senda arðgreiðslur og tilkynningar allar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfs, nema annar gefi sig fram með gilda eignarheimild.

10. gr.

Hluthafar skulu tilkynna félaginu heimilisfang sitt, svo og breytingar á því eða bústaðaskipti, jafnskjótt og þau fara fram. Sama gildir um eigendaskipti að hlutum í félaginu, hvort heldur eru fyrir sölu, gjöf, búskipti, arf eða með öðrum hætti.

Félagið ber enga ábyrgð á því gagnvart hluthöfum, ef greiðslur og tilkynningar misfarast vegna þess, að sönnur um eignarheimild og tilkynningar um eigendaskipti að hlutum og bústaðaskipti hluthafa berast eigi í tæka tíð til félagsins.

Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf útgefið, jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á, að hlutabréfið hafi verið ógilt með birtingu áskorunar í Lögbirtingablaði, enda greiði hann allan kostnað við það. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst um tölu þess og efni, getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað, gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

11. gr.

Engar hömlur eru lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu. Hluti í félaginu má selja eða veðsetja nema annað leiði af lögum.

Stjórnskipulag

12. gr.

Með stjórn félagsins fara:

- 1) Hluthafafundir.
- 2) Stjórn félagsins.
- 3) Framkvæmdastjórn.

Hluthafafundir

13. gr.

Lögmætur hluthafafundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem samþykktir þessar og landslög setja.

Til hluthafafundar skal boða með auglýsingu í dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt með viku fyrirvara hið skemmsta. Málefni, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi, skal tilgreina í fundarboði.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá og framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gera slíka þátttöku mögulega og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Stjórn er einnig heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Skal innslegið lykilorð í tölvuforrit jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og vera til staðfestingar á þátttöku hans á fundinum. Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

14. gr.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar, þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess. Slíkir fundir skulu boðaðir á sama hátt og aðrir hluthafafundir. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, er stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því að henni barst krafan.

Rétt til fundarsetu á hluthafafundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins, þótt eigi séu hluthafar. Hafa þeir fullt málfrelsi á fundum. Einnig má félagsstjórnin bjóða öðrum setu á einstökum fundum.

15. gr.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum og og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé.

Eigin hlutum félagsins fylgir þó ekki atkvæðisréttur og skulu slíkir hlutir ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutafjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundum.

Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti, er hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu, skal hlutkesti ráða kjöri.

Heimilt er hluthafa að veita öðrum skriflegt og vottfast umboð til að sækja hluthafafundi og fara með atkvæði sín. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir þann fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.

16. gr.

Á hluthafafundum gilda almenn fundarsköp. Þegar fundur hefur verið settur, skal fundarstjóri kanna, hvort fundur sé löglega boðaður og því lögmætur. Fundarstjóri skal gæta ákvæða hlutafélagalaga og samþykkt félagsins um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslur.

Aðalfundur

17. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert á stað þeim, er stjórnin ákveður hverju sinni. Til fundarins skal boðað með sama hætti og hluthafafundar og geta dagskrár í fundarboði. Fundinn skal boða með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

18. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.
- 3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
- 4) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- 5) Kosning stjórnar félagsins.
- 6) Kosning löggilts endurskoðanda.
- 7) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
- 8) Önnur mál, sem löglega kunna að vera lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Stjórn félagsins

19. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð allt að 7 mönnum. Skulu þeir kosnir árlega á aðalfundi, til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjárfeign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningu innan tiltekins frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félags hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Fundir stjórnar eru ályktunarbærir, ef meirihluti stjórnarmanna sækir þá. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum, en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði stjórnarformanns. Stjórnendur halda skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eins og þurfa þykir. Stjórn félagsins er heimilt að fela stjórnarformanni eða öðrum stjórnarmönnum tiltekin verkefni í þágu félagsins. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að

boða til stjórnarfundar að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

20. gr.

Stjórn félagsins ræður því framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur félagsins og fer með stjórn þess milli hluthafafunda ásamt félagsstjórninni. Stjórn félagsins ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn félagsins, en stjórnin ein getur veitt prókúruumboð.

Til að skuldbinda félagið þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

Reikningar og endurskoðun

21. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi skal kjósa félaginu einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag. Endurskoðandi má ekki vera í stjórn félagsins, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður, eða í persónulegri þjónustu þeirra.

Félagsslit

22. gr.

Ákveði hluthafar félagsslit verður það einungis gert á hluthafafundi af hluthöfum, er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Að öðru leyti fer um félasslit eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

Hið sama skal gilda um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá, er samþykkir félagsslit á lögmatan hátt, kveður á um ráðstöfun félagsigna og greiðslu skulda í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Önnur ákvæði

23. gr.

Sérhver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú eða þeim kann að verða breytt síðar á löglegan hátt.

Þó verður hluthöfum aldrei gert, án samþykkis síns, að bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu með neinni breytingu á samþykktum þessum né með neinni ákvörðun hluthafafundar.

24. gr.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum þessum er því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum félagsins eða landslögum. Um heimild til hækkunar og lækkunar hlutafjár og útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda þó ákvæði hlutafjárlaga.

25. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um, hvernig með skuli fara eða málum skipa, gilda ákvæði laga um hlutafélög.

Stjórn félagsins ákvað síðan á stjórnarfundum sem haldinn var þann 12. desember 2001 að hækka hlutfé félagsins um samtals 816.360.000 hluti, í samræmi við heimild sem veitt var á fyrrgreindum hluthafafundi. Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 22. apríl 2002 að nýta heimild hluthafafundar frá 2. mars 2000 um hækkun hlutfjár að hluta eða allt að 5.224.747.

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 20. febrúar 2004 að nýta hækkunarheimild sína og var hlutfé félagsins hækkað í 1.616.592.755.

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 12. maí 2006 að nýta heimild hluthafafundar frá 9. maí 2006 um hækkun hlutfjár að hluta, eða um samtals 80.269.613 hluti. Hlutfé félagsins eftir hækkunina nemur 1.696.862.368 kr.

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 12. maí 2006 að nýta hækkunarheimild sína í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og var hlutfé félagsins hækkað í 2.133.909.016.

Stjórn félagsins ákvað á stjórnarfundum 29. nóvember 2006 að nýta hækkunarheimild sína í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og var hlutfé félagsins hækkað í 2.157.888.219.

Samþykktir þessar voru samþykktar á hluthafafundi félagsins 9. maí 2006, breytingar samþykktar á stjórnarfundum félagsins 12. maí 2006 og 29. nóvember 2006. Breytingar samþykktar á aðalfundi 23. mars 2007.